

ERINDISBRÉF

03 2009

Efni: Samningahópur um byggða- og sveitarstjórnarmál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um byggða- og sveitarstjórnarmál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 22 (Byggðamál og samræming uppbyggingarstyrkja). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Samkvæmt álitni meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) skulu eftirtalin atriði, sem lúta að byggða- og sveitarstjórnarmálum, höfð að leiðarljósi í samningaviðræðunum:

- Að móta skýr markmið og kortleggja hagsmuni þannig að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi;
- að tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar og tryggja greiðan aðgang að því fjármagni sem til ráðstöfunar kann að verða;
- að horfa til nýsköpunar í atvinnumálum á landsbyggðinni;
- að allt landið verði skilgreint sem harðbýlt svæði og
- að byggðamál, styrkjakerfi og skilgreiningar landsvæða verði skoðað heildstætt og skoðunin ná til landsins alls þar sem áhersla verði lögð á landfræðilega sérstöðu Íslands og breytta efnahagslega stöðu þjóðarinnar.

Þá skal haft samráð við samningahóp um landbúnaðarmál að því er varðar byggðaþróun í dreifbýli.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hefur verið skipuð formaður samningahópsins, en auk hennar munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópunum: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, forsætisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Byggðastofnun og Nýsköpunarmiðstöð. Þá er fyrir séð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum ferðaþjónustunnar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.